

Starfsdagar Samfés á Laugarvatni

14.-15. september 2017



Fyrirlestrar

Kynferðisofbeldi, birtingarmyndir, afleiðingar og ofbeldismenning

Fjallað verður um spurningarnar, hvað er kynferðisofbeldi, hvernig líður fólki sem beitt er slíku ofbeldi og hvað er það í menningunni sem styrkir ofbeldismenn til að beita ofbeldi og heldur brotapolum í skömm og sektarkennd?

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, verkefnastýra hjá Stígamótum

Ofnotkun netsins

Um er að ræða fyrirlestur um hættur netsins með sérstaka áherslu á svokallaða "netfíkn" en rannsóknir benda til að sirka 12% reglulegra netnotenda eigi á hættu að ánetjast notkun sinni. Börn og unglingar eru sérstaklega útsett fyrir þessum vanda og því mikilvægt að foreldrar skilji vandann og viti hvað best sé að gera í málinu. Með rétttri vitneskju og nálgun eiga allir að geta notið netsins og alls sem að það hefur upp á að bjóða án vandkvæða.

Eyjólfur Örn Jónsson, Sálfræðingur

Blátt áfram og námskeiðið „Bella net – Hópastarf fyrir stúlkur í félagsmiðstöðvum

Námskeiðið Bella net felur í sér þjálfun leiðbeinenda fyrir stelpuhópa í forvörnum. Með það að markmiði að styrkja sjálfsmýnd og sjálfsvirðingu ungra stúlkna og að vera forvörn gegn áfengis og vímuefnaneyslu. Fræðsla Bellanet er skemmtileg og uppbyggileg afþreying fyrir unglingstúlkur sem koma í félagsmiðstöðvar. Stelpurnar munu læra að setja heilbrigð mörk, öðlast þekkingu á áhrifum og afleiðingum áfengis og vímuefna, öðlast færni í lífsleikni og að þora að segja sínar skoðanir á ólíkum málefnum sem verður á vegi þeirra í lífinu.

Sigríður Björnsdóttir, framkvæmdarstýra Blátt áfram.

Samskipti, starfsánægja og helgun í starfi

Að eiga í góðum samskiptum á vinnustað skiptir máli ekki einungis fyrir okkur sjálf heldur einnig sveitarfélagið, félagsmiðstöðina og ungmennahúsið sem við störfum hjá. Starfsfólk og unglingar sýna meiri tryggni við starfsemina og þannig náum við að skapa jákvæða þróun í starfinu. Starfsánægja verður meiri og bætt frammistaða í starfi.

Elín Kristín Guðmundsdóttir, Mannauðsráðgjafi

Irish Youth Music Awards

The Irish Youth Music Awards is an all island youth music educational programme run by Youth Work Ireland working with young people aged 12 to 19 to up skill them in creative and music industries skills while also creating spaces for them to perform. This lecture will give an overview of the programme, how it works looking at the structure and work assigned to young people, partnerships involved and the benefits we have found for young people that have participated.

Barry Lennon, Youth Work Ireland

Hvað er eiginlega Hinsegin félagsmiðstöð og þarf slík félagsmiðstöð að vera til yfirhöfuð? Eru hinsegin unglingar eitthvað öðruvísi en „aðrir“ unglingar? Er félagsmiðstöðin þín hinseginvæn?

Fjallað verður um tilraunaverkefni Samtakanna 78 og Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Hinsegin félagsmiðstöð sem hefur verið starfrækt síðan haustið 2016 og þann ótrúlega árangur sem hefur náðst í þessu starfi á stuttum tíma.

Hrefna Þórarinsdóttir, Frístundaráðgjafi

Málstofur

Ungt fólk og kynferðisofbeldi

Fjallað verður um sérstaka stöðu ungs fólks varðandi kynferðisofbeldi svo sem ungt fólk í parsamböndum, mörk og markaleysi.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, verkefnastýra hjá Stígamótum.

Ka2 Youth Work - Music and Cultural Entrepreneurship

This workshop will look at the current pilot toolkit designed as part of a KA2 Erasmus+ funded project with the support of Léargas. The final output of this project will be an online resource for youth leaders to help them support young people using music as a medium to engage, support and youth people in youth services while providing them with practical materials and resources to support employment, education and enterprise. This workshop will give attendees an overview of the current toolkit and its formation and then will break users into different groups to look and review the current content with a view to tailor the content to be a practical resource for youth leaders using music as a tool to support young people. **Málstofan fer fram á ensku.**

Barry Lennon, Youth Work Ireland.

Málefni ungmennahúsa

Málstofa og umræðuhópur þar sem starfsfólki ungmennahúsa gefst færi á deila upplýsingum, skiptast á hugmyndum, reynslu, ræða tækifæri og áskoranir ásamt því að kafa ofan í stöðu ungmennahúsa í dag.

Gunnar E. Sigurbjörnsson og Guðrún Þórsdóttir

Spunaspil í starfi með ungu fólki

Hvað er spunaspil, hvað þarf til að spila það og hverjir eru helstu ávinningar þess í starfi með ungu fólki?

Sigríður Tinna Heimisdóttir, aðstoðarforstöðukona í Sigyn.

Erasmus+ 101 – Styrkir og námskeið fyrir ungmenni og stafs menn

Í þessari málstofu verður kafað ofan í helstu tækifærin fyrir félagsmiðstöðvar og ungmennahús í æskulýðshluta Erasmus+. Skoðað verður hvernig best er að skipuleggja ungmennaskipti með hópum ungmenna, hvernig starfsmenn geta nýtt Erasmus+ styrki til að sækja sér þekkingu og hvernig ungmennaráð geta fengið styrki fyrir stórum fundum með ráðamönnum.

Evrópa Unga fólksins: Hjörtur Ágústsson.

Skipta réttindi barna einhverju máli í starfi félagsmiðstöðva?

Í vinnustofunni verður stutt kynning á umboðsmanni barna og réttindum barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Síðan verður farið í umræður um ýmis álitaefni um réttindi sem geta komið upp í starfi með börnum og ungmennum.

Elísabet Gísladóttir, lögfræðingur hjá umboðsmanni barna og Stella Hallsdóttir.

Tómstundir notaðar í meðferðarskyni fyrir ungt fólk með geðrænan vanda

Málstofa þar sem lokaverkefnið “Batamiðað tómstundamenntunarnámskeið fyrir fólk með geðrænan vanda” verður kynnt. Í málstofunni verður fjallað um hvort og hvernig mætti nýta betur tómstundamenntunarnámskeið sem meðferðarúrræði fyrir ungt fólk með geðrænan vanda. Hvar gæti verið vettvangur fyrir slíkt námskeið og hvaða ávinning gæti það haft fyrir geðheilbrigði ungs fólks?

Berglind Rún Torfadóttir, Tómsunda- og félagsmálafræðingur

Digital Youth Work

Hvað er digital youth work í Evrópu og hvað þýðir það fyrir okkur? Hvað er verið að gera í þessum málaflokki í félagsmiðstöðvum í Evrópu og hvað getum við lært hvort af öðru? 20 erlendir þátttakendur taka þátt í námskeiðinu, kynnast meðal annars Sexting verkefni Ungmennaráðs Samfés og öðrum verkefnum. Þátttakendur stjórna svo 1-2 málstofum um afrakstur námskeiðsins á starfsdögum Samfés

Andrea Casamenti, ECYC project Manager

Hver er upplifun forstöðumanna af gæðamati félagsmiðstöðva og áhrifum þess á þróun starfsins?

Kynntar verða niðurstöður rannsóknarinnar „Við eigum öll að vera að gera vel“ : reynsla og upplifun forstöðumanna af gæðamati félagsmiðstöðva sem unnin var sem lokaverkefni til BA gráðu í tómstunda- og félagsmálafræði síðastliðið vor. Í framhaldinu verður spurningum um rannsóknina svarað og opnað fyrir umræðu um upplifun, reynslu og skoðanir viðstaddra á gæðamati félagsmiðstöðva.

Gísli Felix Ragnarson, aðstoðarforstöðumaður í Buskanum.

Ungdruslur og Druslugangan

Yung sluts er unglíngadrifið verkefni sem haldið er á sumrin í samstarfi við Druslugönguna. Eðli verkefnisins er að vekja ungmenni til vitundar um nauðgunarmenningu, mikilvægi þess að uppræta fordóma varðandi klæðaburð, mýtur um þolendur kynferðisofbeldis og að skila skömminni þangað sem hún á heima. Farið verður yfir framkvæmd og tilgang verkefnisins og hvernig það helst í hendur við markmið og tilgang Druslugöngunnar.

Ása Kristín Einarsdóttir, forstöðumaður 105.

Æskulýðshluti Erasmus+ - Breytingar, nýjungar og praktískar upplýsingar

Mættu á þessa málstofu til að kynnast nýjum rafrænum umsóknareyðublöðum í Erasmus+, sérstökum ferðastyrkjum fyrir landsbyggðina, Rannís (nýjum umsjónaraðila æskulýðshluta Erasmus+). Einnig verður farið yfir grundvallaratriði sem tengjast skráningu hópa og leit að samstarfsaðilum til að gera þér lífið einfaldara næst þegar þú sækir um næst styrk fyrir lærdómsríku og skemmtilegu Evrópuverkefni.

Evrópa Unga fólksins: Hjörtur Ágústsson.

Digital Youth Work

Hvað er digital youth work í Evrópu og hvað þýðir það fyrir okkur? Hvað er verið að gera í þessum málaflokki í félagsmiðstöðvum í Evrópu og hvað getum við lært hvort af öðru? 20

erlendir þátttakendur taka þátt í námskeiðinu, kynnast meðal annars Sexting verkefni Ungmennaráðs Samfés og öðrum verkefnum. Þátttakendur stjórna svo 1-2 málstofum um afrakstur námskeiðsins á starfsdögum Samfés

Andrea Casamenti, ECYC project Manager

Bella net – Hópastarf fyrir stúlkur í félagsmiðstöðvum: æfingar

Í málstofunni verða teknar fyrir nokkrar æfingar úr Bella net fræðslunni. Þetta er frábært tækifæri fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva og ungmennahúsa til að prófa æfingarnar á eigin skinni.

Sigríður Björnsdóttir, framkvæmdarstýra Blátt áfram.

FFF thinktank – Matstæki fyrir óformlegt nám ásamt námskeiði fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi

Hvað þurfa fagmenn í frítímastarfi að kunna? Skiptir máli að ungt fólk fái tækifæri til að meta ávinningin af þátttöku í æskulýðsstarfi? Félag fagfólks í frítímaþjónustu í samstarfi við systursamtök sín frá Svíþjóð og Finnlandi vinna nú hörðum höndum að gerð námskeiðs fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi ásamt þróun matstækis fyrir óformlegt nám sem fram fer í æskulýðsstarfi.

Í þessari málstofu gefst þátttakendum tækifæri til þess að heyra hvaða vinna hefur verið unnin í þessu verkefni ásamt því að hafa áhrif á mótun á grunnnámskeiðinu og matstækinu.

Umsjónarmaður málstofunnar er Þorvaldur Guðjónsson.

Landsþing ungmennahúsa

Ef þú vinnur í ungmennahúsi og eða hefur brennandi áhuga á því að koma að undirbúningi og skipulagningu á Landsþingi ungmennahúsa þá er þessi málstofa klárlega fyrir þig.

Gunnar E. Sigurbjörnsson og Guðrún Þórsdóttir

Triple Agent! - Blöff, svik og skemmtun fyrir 5-9 leikmenn.

Í vinnustofunni verður leikurinn Triple Agent! kynntur og kenndur. Triple Agent! er nýr íslenskur blöff-leikur í ætt við hin sívinsælu Varúlf og The Resistance spil. Leikurinn, sem er með njósnara þema, gengur út á að uppgötva hver svikarinn er og setja hann í fangelsi. Leikurinn er allur spilaður á einn snjallsíma og kennir sig sjálfur. Þetta þýðir að allir geta auðveldlega lært leikinn án þess að hafa spilað áður og aldrei þarf að endurnýja spilakassann.

Sigursteinn J Gunnarsson, leikjahönnuður og spilasnillingur